

Nd.

740. Nefndarálit

[275. mál]

um frv. til l. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. n., fulltrúar stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar, leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni munu skila sérálit.

Í frumvarpinu felast skýrari ákvæði um ýmis atriði en nú eru í lögum og reglugerðum varðandi skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þá er um að ræða ýmis ákvæði sem styrkja aðstöðu gjaldeyriseftirlitsins til eftirlits með þeim reglum sem í gildi eru um gjaldeyrisnotkun og gjaldeyrisskil.

Á fund nefndarinnar komu þeir aðilar í viðskiptaráðuneyti og gjaldeyriseftirliti, sem haft hafa með samningu frumvarpsins að gera. Þeir lögðu áherslu á að frumvarpið næði fram að ganga.

Alþingi, 15. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson,
form., frsm.

Halldór E. Sigurðsson,
fundaskr.

Finnur Torfi Stefánsson.

Kjartan Ólafsson.

Vilmundur Gylfason.